

L Ö G

um

21
19. maí

breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörtum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Staflíður e. í 9. gr. nefndra laga orðist svo:

Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu hafa í árslaun 500 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

2. gr.

Í stað síðari málslíðar fyrri málsgreinar 11. gr. kemur:

Helmingur þeirra launa, sem talin eru í d-lið sömu greinar, greiðist af ríkisfé, en helmingur úr sveitarsjóði. Til farkennaralauna samkvæmt e-lið greiðast úr ríkissjóði 350 kr., en úr sveitarsjóði 150 kr., auk þeirra hlunninda, sem farkennarar njóta.

3. gr.

Staflíður d. í 12. gr. orðist svo:

Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu 60 kr. 3. hvert ár upp að 300 kr.

4. gr.

Laun farkennara greiðast í fyrsta sinn eftir þessum lögum fyrir skólaárið 1929 til 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.